



# MANNAUÐSSTEFNA ELKEM ÍSLAND

Starfsfólk Elkem Ísland er auðlind okkar og lykillinn að farsælu starfsumhverfi og árangri. Við leggjum áherslu á að skapa sterka liðsheild, jöfn tækifæri, gagnkvæma virðingu, fjölbreytta þekkingu og metnað í starfi.

Við stöndum faglega að ráðningum og leggjum áherslu á að fá til liðs við okkur öflugt og traust fólk með fjölbreytilegan bakgrunn. Við sköpum tækifæri fyrir einstaklinga til að vaxa og þróast í starfi.

Elkem er öruggur og jákvæður vinnustaður þar sem velferð starfsmanna er í fyrirrúmi. Við vinnum eftir jafnréttisáætlun og einelti og kynferðisleg áreitni er ekki liðin undir neinum kringumstæðum.

Við búum til umhverfi sem stuðlar að jákvæðum og uppbyggjandi samskiptum þar sem gagnkvæm virðing ríkir. Við berum sameiginlega ábyrgð á góðum starfsanda og leggjum okkur fram við að styðja hvert annað.

**Við vinnum samkvæmt sameiginlegum gildum Elkem.**

## Faglegar ráðningar

Hjá Elkem Ísland er lagður metnaður í að standa faglega að ráðningum. Við leitumst við að jafna kynjahlutfall og sækjumst jafnframt eftir öfluglu, traustu og metnaðarfullu starfsfólki. Áhersla er lögð á fjölbreytileika innan hópa ásamt því að finna hverjum starf við hæfi. Mikilvægt er að nýtt starfsfólk komist hratt og vel inn í störf sín og að hlutverk þeirra sé skýrt. Þjálfun er því mikilvæg hjá okkur og verklag vegna þjálfunar nýrra starfsmanna markviss. Við starfslok er litið til frammistöðu, reynslu og viðhorfs starfsfólks. Það er okkur mikilvægt að fólk fái að ljúka starfsævi sinni hjá okkur með reisn og eru starfslok unnin með hagsmuni beggja aðila að leiðarljósi þar sem leitast er við að finna farsæla lausn.

## Sterk liðsheild

Starfsfólk Elkem Ísland er ein liðsheild sem vinnur sameiginlega að því að ná árangri. Framkoma og samskipti starfsmanna einkennast af virðingu, trausti og jákvæðni með uppbyggilega gagnrýni að leiðarljósi. Við hvetjum hvort annað áfram til árangurs og erum öll þátttakendur í mótun á sterkri liðsheild sem gerir vinnustaðinn okkar eftirsóknarverðan. Starfsumhverfi okkar er fjölskylduvænt með sveigjanlegu vinnufyrirkomulagi og fjölbreyttum störfum. Hjá okkur ríkir gott jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Við leggjum okkar fram við að hafa gaman í vinnunni saman og vinnum starf okkar af heiðarleika, trúmennsku og stundvísi. Við bendum á það sem vel er gert, við leiðbeinum hvort öðru og við þökkum fyrir ábendingar um það sem betur má fara.

## Þjálfun og tækifæri

Starfsumhverfi Elkem Ísland mótast af tækifærum, bæði til þróunar og vaxtar og einnig til nýtingar á hæfileikum til fulls í starfi. Við styðjum við fólk í að efla sig bæði með öfluglu fræðslustarfi og hvetjum einnig starfsfólk til að afla sér þekkingar. Við einsetjum okkar að nýta nútímatækni í þjálfun og fræðslu og leitumst stöðugt við að gera betur til að skapa öruggan og uppbyggilegan vinnustað. Elkem styður við bakið á starfsfólki þegar það ætlar að sækja sér aukna menntun sem nýtist í störfum þess hjá fyrirtækinu. Við stuðlum að því að skapa umhverfi þar sem virk þátttaka og frumkvæði starfsfólks þrífst og er starfsfólk Elkem mikilvægir þátttakendur í umbótastarfi og breytingum á vinnustaðnum. Þjálfun hjá Elkem snýr fyrst og fremst að því að starfsmenn geti sinnt starfi sínu með öruggum hætti, en öryggi er lykilþáttur í starfsemi okkar og er okkar stefna að allir fari heilir heim. Við einsetjum okkur það að taka vel á móti nýju starfsfólki og veita því tækifæri til aðlögunar og starfsþjálfunar. Við leggjumst á eitt við að fræða nýja starfsmenn svo að þeir eflist hratt í starfi og öðlist sjálfstæði við vinnu hjá okkur.

## Gæði upplýsinga

Elkem leggur áherslu á að upplýsingar séu aðgengilegar fyrir starfsfólk. Unnið sé að því að tryggja hratt og gagnsætt upplýsingastreymi til starfsmanna. Allt starfsfólk fær vinnunetfang og aðgengi að innra upplýsingakerfi fyrirtækisins þegar það kemur til starfa. Okkur er annt um að upplýsa starfsfólk um hvernig þau eru að standa sig og hvernig staðan er hjá fyrirtækinu. Allar fyrirspurnir fjölmiðla skal senda til forstjóra sem sér um að svara eða veita upplýsingar.

## Velferð starfsmanna

Elkem Ísland leggur áherslu á að stuðla að heilbrigðum vinnustað. Velferð og vellíðan starfsfólks skiptir miklu mál og er lögð sérstök áhersla á að tryggja góðan aðbúnað og heilsusamleg starfsskilyrði. Starfsfólk er aðstoðað við að takast á við vandamál og veikindi til að auka líkur á endurkomu til vinnu. Komið er til móts við starfsfólk með ýmsum hætti þegar kemur að velferðarmálum. Boðið er upp á heilsufarsstyrk, niðurgreiðslu á sérfræðipjónustu, heilsufarsskoðanir á vinnustað, árlegar flensusprautur og hollum kosti í mötuneyti. Í heilsu og öryggisstefnu okkar er lögð áhersla á að tryggja að lögum um heilsu og öryggi sé fylgt ásamt því að skapa öruggt og gott vinnuumhverfi og sterka öryggisvitund. Elkem Ísland er vímefnalaus vinnustaður. Einelti, ofbeldi, kynbundið áreitni og kynferðisleg áreitni er óásættanlegt og gengur gegn gildum Elkem. Stefna Elkem Ísland er að starfsfólk komi fram af virðingu og heilindum. Viðbragðsáætlun Elkem tekur á atvikum sem varða ofangreint.

## Jafnræði og jafnrétti

Hjá Elkem Ísland vinnum við samkvæmt jafnréttisáætlun til að tryggja jafna stöðu og jöfn tækifæri starfsfólks, óháð kyni, kynþætti, aldri, kynhneigð, trú, uppruna og koma í veg fyrir mismunun eða áreitni á grundvelli þessara eða annarra óviðkomandi þátta. Áætluninni er ætlað að stuðla að virðingu við starfsfólk og að allir séu metnir að verðleikum og að hæfileikar þeirra séu sem best nýttir. Við stuðlum að jafnri kynjasamsetningu meðal starfsmanna. Elkem Ísland greiðir jöfn laun fyrir sambærileg störf óháð kyni, kynþætti, kynhneigð, trú, uppruna, stjórn mála skoðunum eða aldri í samræmi við gildandi lög um launajafnrétti.

*Endurskoðað 8. júní 2022.*